

Fjármála- og efnahagsráðuneytið

Minnisblað

Viðtakandi: **Alþingi; efnahags- og viðskiptanefnd**
Sendandi: **Fjármála- og efnahagsráðuneytið**
Dagsetning: **27.12.2017**
Málsnúmer: **FJR17110078**
Bréfalykill: **3.5**

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna fjárlaga fyrir árið 2018 - takmörkun á frádrætti vaxtagjalda.

Í 1. mgr. 57. gr. b eru sett takmörk á heimildir lögaðila til að draga frá skattskyldum tekjum vaxtagjöld og afföll vegna lánaviðskipta við tengda aðila. Skv. núgildandi b-lið 3. mgr. greinarinnar á ákvæðið ekki við ef lánveitandi ber ótakmarkaða skattskyldu hérlendis og skiptir þá ekki máli hvort lántakar eru íslenskir eða erlendir. Skv. 3. gr. laga um breytingu á ýmsum lagaákvæðum um skatta, tolla og gjöld, nr. 59/2017, sbr. 2. tölul. 26. gr. sömu laga, fellur sú undanþága brott 1. janúar 2018.

Í nefndaráliti meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar um frumvarp það sem varð að lögum nr. 59/2017 (385. mál á 146. löggjafarþingi) kom fram að bent hefði verið á að brottfall undanþágunnar gæti aftrað fyrirtækjasamstæðum frá sameiginlegri lántöku sem gæti hækkað fjármögnunarkostnað þeirra. Lagt var til að brottfall undanþágunnar yrði samþykkt en því jafnframt beint til fjármála- og efnahagsráðuneytisins að tekið yrði til skoðunar hvernig mætti tryggja að það kæmi ekki niður á eðlilegri fjármögnun innan samstæða sem beindist ekki að því að takmarka skattgreiðslur.

Á síðustu mánuðum hafa sérfræðingar ráðuneytisins verið að skoða ofangreint ákvæði nánar, einkum með hliðsjón af norsku reglunum um þunna eiginfjármögnun. Einnig hafa þeir átt samtöl við hagsmunaaðila, m.a. SA og skattasérfræðinga KPMG. Niðurstaða ráðuneytisins er sú að ekki sé unnt að fresta gildistöku á brottfalli b-liðar eða taka hann óbreyttan upp að nýju til framtíðar þar sem sýnt þykir að slíkt ákvæði brjóti í bága við ákvæði EES-samningsins. Á hinn bóginn megi milda ákvæðið í þá veru að heimila dreifingu þeirrar fjárhæðar vaxtagjalda, sem ella hefðu fallið brott, á næstu fimm tekjuár, þó að uppfylltum fyrri skilyrðum um 30% hlutfall af EBITDA. Nýta skal yfirfærðan vaxtafrádrátt í aldursröð. Einnig er lagt til að draga megi vaxtatekjur frá vaxtagjöldum til tengdra aðila áður en hlutfall vaxtagjalda af EBITDA er metið.

Á grundvelli þess sem að framan greinir leggur ráðuneytið til eftirfarandi breytingartillögur við frumvarpið:

2. gr. frumvarpsins orðist þannig:

Eftirfarandi breytingar verða á 57. gr. b. laganna:

- a. *Við 2. málsl. 1. mgr. bætist: en heimilt er að nýta þau í samræmi við 1. málsl. næstu fimm tekjuár á eftir enda hafi fullnægjandi grein verið gerð fyrir vaxtagjöldum og afföllum á því tekjuári sem þau mynduðust. Þó er ekki heimilt að nýta umfram frádrátt ef veruleg breyting hefur orðið á rekstri eða starfsemi skattaðila, svo sem með breytingu á eignaraðild að lögaðila eða á tilgangi rekstrar, nema sýnt þyki að umræddar breytingar hafi verið gerðar í eðlilegum og venjulegum rekstrartilgangi. Ávallt skal nýta umfram vaxtagjöld og afföll fyrri ára áður en frádráttur viðkomandi tekjuárs er nýttur.*
- b. *Við 2. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Heimilaður frádráttur skv. 1. mgr. miðast við vaxtagjöld og afföll að frádregnum vaxtatekjum frá tengdum aðilum.*

Ákvæðið öðlist þegar gildi og komi til framkvæmda við álagningu opinberra gjalda 2019 vegna rekstrarársins 2018.

Rétt er að áréttu að fimm ára tímamarkið byrjar að líða frá því rekstrarári sem næst kemur því þegar umframvaxtakostnaður féll til og ekki var heimilað að nýta til frádráttar. Með þessari breytingu er m.a. komið til móts við þá sem eru í sveiflukennndum rekstri, s.s. nýsköpunarfyrirtæki sem mögulega reiða sig á óvenju mikið lánsfé frá móðurfélagi í upphafi sem greiðist hratt niður. Jafnframt þarf að taka fram að umrædd frádráttarheimild lýtur sömu skilyrðum og yfirfærsla rekstrartapa, þ.e. hún verður ekki heimil ef veruleg breyting hefur orðið á þeim rekstri eða starfsemi sem í hlut á, svo sem með breytingu á eignaraðild að lögaðila eða á tilgangi rekstrar, nema sýnt þyki að umræddar breytingar hafi verið gerðar í eðlilegum og venjulegum rekstrartilgangi.

Dæmi um hvernig ónýttur frádráttur hreinna vaxtagjalda og affalla nýtist:

Gjaldár 1:

Vaxtagjöld og afföll vegna lánaviðskipta við tengda aðila nema 150.

Vaxtatekjur við tengda aðila nema 20.

Hrein vaxtagjöld og afföll nema þá 130.

30% af EBITDA skattaðila er 100.

Heimill frádráttur vaxtakostnaðar nemur því 100.

Eftir standa 30 í hrein umframvaxtagjöld sem heimilt er að nýta næstu fimm tekjuár.

Gjaldár 2:

Vaxtagjöld og afföll vegna lánaviðskipta við tengda aðila nema 100.

Vaxtatekjur við tengda aðila nema 30.

Hrein vaxtagjöld og afföll nema þá 70.

30% af EBITDA skattaðila er 90.

Heimill frádráttur vaxtakostnaðar nemur því 90.

Heimilt er að nýta 30 frá fyrra ári og jafnframt 60 af samtals 70 sem tilheyrir rekstrarárinu og þar með er 30% EBITDA þak upp á 90 fullnýtt.

Eftir standa 10 af hreinum vaxtagjöldum og afföllum sem heimilt er að nýta næstu fimm rekstrarár lögaðilans.

... O.s.frv.